

Kennsluáætlun í listgreinum - dans

Kennarar: Hulda Guðrún Hallsdóttir

Megintilgangur með námi í list- og verkgreinum er að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkkunnáttu, sköpunargleði, samhæfingu hugar, hjarta og handa og mörgum öðrum ólíkum tjáningarleiðum. Með náminu fá nemendur tækifæri til að skapa hluti í handverki, vinna með tákni, tóna, matarmenningu og líkama. Skapandi starf gefur nemendum tækifæri til að virkja og efla ímyndunarafl, þjálfast í að leita lausna og taka ákvarðanir þar sem þeir vega og meta mismunandi valkosti og sjá afrakstur af vali sínu. Í skapandi starfi og lausnaleit getur nemandinn haft áhrif á umhverfið og tekið þátt í að móta menninguna. Listir og verkþekking myndar stóran og fjölbreyttan atvinnuvettvang og því er mikilvægt að nemendur nái að tengja námið við þessa atvinnumöguleika. Námið í list- og verkgreinum getur því hjálpað nemendum að gera sér grein fyrir hvar áhugi þeirra liggur og átta sig á atvinnu- og námstækifærum innan starfs- og listnáms. **List- og verkgreinar skiptast í tónmennt, sjónlistir og sviðslistir. Undir verkgreinar heyra hönnun og smíði, textílmennt og heimilisfræði.**

Viðfangsefni	Hæfniviðmið	Námsefni	Námsmat
-Félagsfærni -Löggö áhersla á að læra samvinnu, sýna kurteisi, tillitssemi og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. - Áhersla löggö að efla sjálfsmyndina, sjálfstraust og eiga góð samskipti í gegnum leik og starf. -Nemendur læra að dansa saman í dansstöðu. Partýpolki í hring, Hlökkudans, Samba, Cha cha cha, Waltz. Nemendur læra að skynja mismunandi taktbrigði. Hreyfileikir, Marsera -Einstaklingsdansar.	Dansað einföld hreyfimylnstur og notað þau í para-hópdönsum. Tengt saman hreyfingu og tónlist í dansi, og virt samskiptareglur. Tekið tillit til jafningja í samstarfi. Tekið þátt í skapandi dans ferli með jafningjum undir leiðsögn kennara.	Verklegt efni frá kennara	Námsmatið er í formi símats út frá hæfniviðmiðum.

4. BEKKUR skólaárið 2024-2025

--	--	--	--